

Utanríkismálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. maí 2015

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Þingskjal 1169 - 695. mál.

Virðingarfyllt,
f.h. Rauða krossins á Íslandi,



Hermann Ottósson,
framkvæmdastjóri.



UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

tillögu til þingsályktunar um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland.

Þingskjal 1169 - 695. mál.

144. löggjafarþing 2014–2015.

Almennar athugasemdir

Sem hluti af alþjóðahreyfingu vinnur Rauði krossinn á Íslandi að því að kynna og gera grein fyrir mikilvægi alþjóðlegra mannúðarlaga ásamt því að vinna að því að Ísland virði þjóðréttarlegar skuldbindingar sínar í samræmi við aðild sína að Genfarsamningunum fjórum frá 1949, viðaukum við þá frá 1977 og 2005, sem og aðrar skuldbindingar á sviði mannúðarréttar.

Alþjóðaráð Rauða krossins (e. *International Committee of the Red Cross*) er verndari Gefnarsamninganna frá 1949 og viðauka við þá. Alþjóðaráð Rauða krossins hefur lagt mikla áherslu á að ríki fullgildi alþjóðasamninga á sviði mannúðarréttarins og stuðli að virðingu fyrir ákvæðum alþjóðlegra mannúðarlaga.

Rauði krossinn tekur ekki afstöðu til tillögunnar sem slíkrar en fagnar því þó að stefna stjórnvalda um þjóðaröryggi skuli byggjast á þeim skuldbindingum sem felast í stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og áherslunni á réttarríkinu, alþjóðalögum, mannúð og verndun mannréttinda sem og jafnrétti, sjálfbærri þróun og afvopnunarmálum. Þá fagnar Rauði krossinn áherslunni á að friðsamleg lausn deilumála sé höfð að leiðarljósi. Félagið fagnar því sömuleiðis að hugtakið þjóðaröryggisstefna taki nú einnig til náttúruhamfara, tæknislysa, farsóttu o.s.frv.

Athugasemdir við einstaka töluliði þingsályktunartillögunnar

5. tl.

Rauði krossinn gerir ekki athugasemdir við inntak 5. töluliðs tillögunnar en minnir á að framlög Íslands í baráttunni gegn ójöfnuði, hungri og fátækt hafa verið rýr í samanburði við markmið Sameinuðu þjóðanna um að efnameiri ríki verji sem nemi 0,7% af vergum þjóðartekjum (VPT) til þróunarsamvinnu. Ísland hefur reyndar um langt skeið stutt markmið Sameinuðu þjóðanna. Vorið 1985 lýsti Alþingi til að mynda yfir vilja sínum um að 0,7% af VPT yrði náð á næstu sjö árum, þ.e. árið 1992.

Alþjóðleg þróunarsamvinna er skilgreind sem einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu og í athugasemdum við þingsályktunartillöguna segir réttilega að friður, öryggi og þróun séu nátengd. Því skýtur það skökku við að framlög til málaflokksins séu ekki hærri en raun ber vitni, eða um 0,21% á árinu 2014.

Í gildandi þingsályktunartillögu um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2013-2016 kemur fram að Ísland styðji áfram markmið Sameinuðu þjóðanna um 0,7% VPT til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og er áætlað samkvæmt tillögunni að því markmiði verði náð árið 2019.

Í umsögn sinni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands o.fl. (skipulag) lagði Rauði krossinn til að í stefnu stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu skyldi tilgreind áætlun um hvernig markmiðinu um að 0,7% af vergum þjóðartekjum verði náð með skýrum og áfangaskiptum tímasetningum og er sú tillaga hér með ítrekuð.¹

9. tl.

Rauði krossinn fagnar sérstaklega 9. tl. tillögunnar sem gerir ráð fyrir að Ísland og íslensk landhelgi sé friðlýst fyrir kjarnavopnum. Alþjóðaráð Rauða krossins hefur hvatt ríki heims til að hefja eyðingu kjarnavopna enda hafi tilvist þeirra í för með sér óásættanlega áhættu fyrir mannkynið vegna eyðingarmáttis kjarnavopna.

Að auki er vandséð að notkun kjarnavopna geti með einhverju móti samrýmst ákvæðum Genfarsamninganna og/eða annarra ákvæða alþjóðlegra mannúðarlaga sem bannar vopn sem eru þess eðlis að valda handahófskenndum skaða. Kjarnavopn eru þess eðlis að þau geta hvorki gert greinarmun á bardagamanni og almennum borgara né hernaðarlegu mannvirki og borgaralegu.

Lokaorð

Fulltrúar Rauða krossins á Íslandi eru tilbúnir að hitta utanríkismálanefnd til að ræða ofangreind sjónarmið betur og gera grein fyrir þeim sé þess óskað.

¹ Umsögn Rauða krossins er að finna hér: <http://www.althingi.is/altext/erindi/144/144-1710.pdf>